


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 22. maí 2019 | 19. tbl. 17. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift vikulega ókeypis inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

ENGJAVELLIR 6



118,2 m² 51,7 millj. kr.

Björt og falleg fjögurra herbergja efri hæð í fjórþýli á þessum eftirsóttasta. Sérinnangangur og aukin lofthæð.

SÓLVANGSVEGUR 3



112,6 m² 62,9 millj. kr.

Opíð hús á sunnudaginn kl. 14-14:30
Björt og falleg ný standsett íbúð á jarðhæð með sér inngangi, vinsælt fjórþýli ætlað 60 ára og eldri.

KRÓKAHRAUN 12



93,6 m² 41,9 millj. kr.

Björt og falleg 3ja herb. íbúð á efri hæð í litlu 4ra íbúða stigahúsi. Góð staðsetning, innst í rólegum botnlanga.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn




Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Hjólástillingar og allar almennar bílaviðgerðir

Bílaverkstæði HÖGNA

Trönuhrauni 2 • sími 555 2622 (við Hjallahraun)



Fundur um þéttingu

Umdeild áform um þéttingu byggðar á grænum svæðum

Bæjarbúum gefst kostur á að kynnast áformum skipulagsyfirvalda um þéttingu byggðar á opnum fundi í Hafnarborg á fimmtudag kl. 17-19. Þar er verið að kynna skipulagslýsingu en í henni er

gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulaginu áður en gengið verður frá breytingartillögum til kynningar og auglýsingar. Einnig er hægt að kynna sér lýsingu á vef bæjarins en lýsingin

er 26 síðna plagg um svæðin fimm, Óla Run tún, Hringbraut/Flensborg, Hjallahraut/Viðistaðatún, Reykjavíkureggar/Flatahraun/Hraunbrún, Flatahraun/Tækniskólinn og Hlíðarbraut 10.



Útivistarsvæði eru mikilvæg íbúum Hafnarfjarðar og mikilvægi þeirra mun aukast.

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990

Lýkam.: Guðni Gleason



Frumherji

BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5

Opíð kl. 8-17 virka daga

Jon Ariluss
KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

 **Sumarlestur**
Bókasafns Hafnarfjarðar

3. júní - 16. ágúst

Komdu á bókasafnið og
nældu þér í lestrardagbók




BÓKASAFN
HAFNARFJARÐAR

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • **Dreifing:** Póstdreifing
 ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
 Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Álit íbúa skiptir máli! Á fimmtudaginn er kynningarfundur um skipulagslýsingu vegna þéttingar byggðar á fimm stöðum í bænum.

Þar á meðal er Óla Run tún sem margoft hafa verið áform um að byggja á en því hefur ávallt verið hafnað af íbúum og síðast árið 2003 var samþykkt aðal- og deiliskipulag sem gerði ráð fyrir að þar yrði grænt svæði/almenningsgarður. Þar hefur ekkert verið gert síðan, hvorki gerðir göngustígar né settir niður bekkir til að gera túnið vistlegt.

Þá er þegar verið að gera skipulagsbreytingu á svæði sem snertir hverfisverndað hraun við Víðistaðatún og deildar meiningar eru um það hvort þar eigi að taka bæði af hverfisvernduðu hrauni og Hjallabratunni til að byggja íbúðir.

Umræður um þessi svæði heyrast í heitu pottunum og nokkuð er um skrif á Facebook síðum en því miður virðast bæjarbúar ekki sýna mikinn áhuga þegar kemur að formlegum athugasemdum og ábendingum. Það er jú, verið að skipuleggja bæinn fyrir íbúana en ekki aðeins fyrir pólitíkusana!

Oft hefur verið haldið fram þeirri skoðun að aðeins þeir sem búa á og við viðkomandi svæði eigi að fá hafa skoðun á skipulagsbreytingum. Því fer víðsjarri enda veit enginn hver býr hvar á næsta ári eða hver á hvað. Þá ætti heldur enginn að hafa skoðun á nýbyggingarsvæðum.

Búið er að kaupa rándýra þjónustu við að kanna viðhorf bæjarbúa til þjónustu og upplýsingagjafar bæjaryfirvalda. Samt upplifa allt of margir að það sé ekki hlustað á þá og fólk fær ekki svör. T.d. hefur formaður skipulags- og byggingarráðs ekki svarað skriflegum fyrirspurnum Fjarðarfrétta frá því á síðasta ári þrátt fyrir margar ítrekanir. Það er til lítills að leggja fram fallega markaðsstefnumótun ef hugur stendur ekki að baki.

Íbúar telja sig ekki fá nægilega skýrar upplýsingar og erfitt sé að finna upplýsingar ef eftir þeim er leitað.

Þrátt fyrir það eru íbúar hvattir til að láta sig skipulagsmál varða, horfa á tillögur með jákvæðu hugarfari, fagna því sem vel er gert, benda á það sem betur má fara og berjast með kjafti og klóm gegn því sem þeir telja að sé slæmt fyrir bæjarfélagið. En skipulag snýst ekki bara um sérhagsmuni.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR 

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfararstofa.is



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 26. maí

Guðspjónusta kl. 11

Hressing í safnaðarsal á eftir.

Skráning í fermingu 2020

á vidistadakirkja.is

www.vidistadakirkja.is



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 26. maí

Messa kl. 11

Kór Ástjarnarkirkju syngur undir stjórn Keiths Reed.

Prestur er sr. Kjartan Jónsson.

Hressing og samfélag á eftir.



www.astjarnarkirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA 



Sunnudagur 26. maí

Kirkjuganga á Helgafell

Lagt af stað frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 11.

Fróðleikur um jarðfræði og staðhætti.

Hressing. Allir velkomnir.

Uppstigningardagur 30. maí

Messa og hátíðarkaffi kl. 14

Eldri borgurum sérstaklega boðið til kirkju.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Íslandsmet

Anton Sveinn McKee í Sundfélagi Hafnarfjarðar setti sl. laugardag Íslandsmet í 50 metra bringusundi, 27,73 sekúndur og varð 2. í undanrásum á TYR Pro Swim Series í Bloomington, Bandaríkjunum.

Bætti hann þar með 10 ára gamalt met Jakobs Jóhanns Sveinssonar en tími hans var 28,03. Einnig tryggði hann sér þátttökurétt á HM í júlí.



Sumarblómasala

Árleg blómasala við Víðistaðakirkju hefst á föstudag

Hin árlega sumarblómasala Systrafélags Víðistaðakirkju hefst á föstudaginn og stendur til sjómannadagsins 2. júní. Opið er alla daga kl. 11-18.

Löng hefð er fyrir blómasölu Systrafélagsins en blómasalan er aðal fjáröflun félagsins en félagið hefur í gegnum tíðina stutt vel við starfsemi Víðistaðakirkju.

Blómín eru öll sterk íslensk sumarblóm frá Gróðrarstöðinni Flóru í Hveragerði.



Litinn: Guðni Gíslason

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára



Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur, alla virka daga, eða 10 skipti.



Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á www.sh.is

Sundfélag Hafnarfjarðar
sh@sh.is • 555 6830 • www.sh.is

RioTinto
styrkir barna- og unglingsstarf SH

Tímabil í boði:
6. - 20. júní
1 námskeið í Suðurbæjarlaug
24. júní - 5. júlí
8. - 19. júlí
22. júlí - 2. ágúst



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og runnar í garðinn þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is

Götótt Helgafell!

Margar leiðir eru upp á Helgafell, m.a. í gegnum stórfenglegan steinboga

Daglega leggja fjölmargir leið sína á Helgafell, bæjarfjall Hafnfirðinga. Slóðar upp á fjallið eru all margar þó tvær meginleiðir séu fjölfarnastar. Flestir fara upp í Valahnúkskarð og

upp Helgafell úr norð-austri en einnig er oft farið upp gilið að norðanverðu, beint af augum þegar komið er að fjallinu. Þá er slóði upp að sunnanverðu og einnig að austanverðu í átt að

Riddaranum, bratta leið upp í gegnum stórfenglegt gat sem sést frá göngu-leiðinni „bak“ við fjallið ef vel er að


gáð. Ratleikur Hafnarfjarðar sem hefst í júní leiðir þátttakendur á slóðir gatsins í Helgafelli.



Horft út um gatið í austur yfir Þríhnúkahraun í átt að Bláfjallavegi.



Leiðin upp gilið og í gegnum gatið er ekki fyrir hvern sem er.



NOMINATION
ITALY
COMPOSABLE
— CREATE YOUR BRACELET —

AVAILABLE AT



LÆKJARGÖTU 34C
220 HAFNARFIRÐI
TEL: 565 4453

Kiwanis gefur fyrstu bekkingum hjálma í samstarfi við Eimskip

Kiwanisklúbbarnir á Íslandi færa á hverju ári öllum nemendum í fyrsta bekk grunnskóla, vandaðan reiðhjólajálm að gjöf í samstarfi við Eimskip.

Nýlega afhentu hafnirsku klúbbarnir Eldborg, Hraunborg og Sólborg

þakklátum nemendum fyrstu bekkja í Hafnarfirði, reiðhjólajálma og grilluðu handa þeim og foreldrum pylsur.

Slökkviliðið kom með sjúkrabíl og slökkvibíl og sýndu áhugasömum.



Börnin voru ánægð með nýja bláa hjálminn og Kiwanisfélagar afhentu stoltir hjálmana og grilluðu af miklum ákafa ofan í alla sem komu og sóttu hjálmana við Kiwanishúsið.



Gleðjast yfir sumarstörfum

Nú er kominn sá tími að fyrstu sumarstarfsmennirnir eru að taka til hendinni við fegrun og snyrtingu í bænum.


Bæjarbúar fagna þessu gulklædda unga starfsfólki sem er táknað sumar-komunnar en fleiri bætast svo í

hópinn. Þeir eru líka hvatning til bæjarbúa til að taka til í sínu nærumhverfi og það sakar aldrei að taka til örlítið út fyrir eigin lóð.

Á myndinni hér til hliðar sem lesandi Fjarðarfrétta sendi, má sjá gróðurbeð framan við Tónlistarskólann snyrt.



Undirbúningur að tvöföldun




Endurnýja og færa þarf lagnir, gera gang- og hjólastíga í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar.

Hinrik Snær bætti 72 ára Íslandsmet

Hinrik Snær Steinsson bætti á voru meðal fremstu íþróttamanna Íslands. Þeir eru báðir látirnir.

Það sem vekur athygli er að gamla metið var frá 1947 og því 72 ár gamalt! Hinrik Snær hljóp á 34,65 sek. en gamla metið var 34,7 sek.

Þá er efiirtektarvert að fyrrum og núverandi methafar eru báðir tvíburar. Hinrik Snær er tvíburaþróðir Þórdísar Evu sem er mikill spretthlaupari. Gamla metið átti Haukur Clausen en tvíburaþróðir hans Örn var einnig mikill íþróttamaður en þeir bræður





Tilboð mánaðarins

STÓR BBQ PÖNNUPIZZA

með BBQ-sósu, nautahakki,
rauðlauk og beikonkurli



10 BEINLAUSIR **BBQ-VÆNGIR**

3.490 KR



Gleði á Vorhátíð íbúa á Völlum

SVIPMYNDIR – Hraunvallaskóli og Skarðshlíðarskóli stóðu að glæsilegri hátíð

Vorhátíð Hraunvallaskóla og Skarðshlíðarskóla var haldin við Hraunvallaskóla sl. laugardag. Boðið var upp á vandaða dagskrá með bæði heimatilbúnum og aðkeyptum skemmtiatriðum.

Lalli töframaður var kynnir og lét sitt ekki eftir liggja að skemmta fólkinu en meðal þeirra sem komu fram var Selma Björnsdóttir og Jói Pé og Króli. Þá

fluttu 10. bekkingar úr Hraunvallaskóla atriði úr söngleiknum Annie sem sýndur verður í skólanum á föstudag og laugardag. Slökkviliðið mætti á staðinn, boðið var upp á andlitsmálun og seldar voru grillaðar pylsur og fleira góðgæti.

Stemning var góð á svæðinu og fjölmennt var en meðfylgjandi eru nokkrar svipmyndir frá deginum.



Þessir hressu krakkar voru ánægðir með Jóa Pé og Króla.



Nóg var að gera á grillinu og í sjoppunni.



Mjög góð stemning var á svæðinu.




Jói Pé og Króli voru greinilega vinsælir og krakkarnir kunnu texta þeirra.



Uppblásna rennibrautin var mjög vinsæl.



Nei, hann kastaði bara einum bolta, hinn kastarinn er lengst til hægri.



Fleiri myndir má svo finna á www.fjardarfrettir.is



Venjulegu leiktækin voru líka vinsæl.

Ég sel fasteignir!



Gyða Gerðarsdóttir,
lögg. fasteignasali
& leigumiðlari.

**Ábyrgð, reynsla og
góð þjónusta í 17 ár!**

ÁLFHOLT 38

Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á þessum barnvæna stað - frábært fjölskylduhús!



Nýleg eldhúsinnrétting. Góðar stofur, fjögur svefnherbergi, fataherbergi og stórt þvottahús. Ásett verð: 75,9 milljónir. Frá hjónaherbergi er gengt út í garð. Gott fataherbergi. Stórt baðherbergi með baðkari og sturtu, góð innrétting. Flísalagðir veggir og gólf. Mjög rúmgott þvottahús er á neðri hæð hússins.

MÓABARÐ 8

Þriggja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli með séringangi í barnvænu umhverfi! Tilvalin eign fyrir gæludýraeigendur!



Íbúð merkt 01 0101. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, hol og glæsilegt endurnýjað baðherbergi. Ásett verð: 37,5 milljónir. Auk þess er sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla. Stór og góð lóð. Sérbílastæði og skv. eignaskiptasamningi bílskúrsréttur.



HÁHOLT 7

Þjört og falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli, 2. hæð frá bílastæðum. Hús var yfirfarið og málað að utan síðastliðið sumar. Meðal annars var þak lagað, þakkantar, gluggar og gler yfirfarnir! Barnvænn staður.



Þrjú góð svefnherbergi, öll með skápum. Sjónvarpshol. Eldhús og stofa í alrými. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Þvottahús í íbúð. Ásett verð: 45,9 milljónir. Glæsilegt útsýni - stutt í skóla og leikskóla.

REYKJAVÍKURVEGUR 68

- TIL LEIGU



Laust strax. Snyrtilegt og bjart skrifstofuhúsnæði á annarri hæð við Reykjavíkurveg 68. Frábær staðsetning með gott auglýsingagildi.



Þrjár leigueiningar í boði. Bil 1: 141 m² með þremur lokuðum skrifstofum, kaffistofu og opnu rými. Bil 2: 97 m², tvær lokaðar skrifstofur og stórt opið rými. Bil 3: 85 m², fjórar skrifstofur og hol.

REYKJAVÍKURVEGUR 52B

Til sölu glæsileg 139,6 m² þriggja herbergja íbúð á 2. hæð, auk stæðis í bílageymslu, fyrir 50 ára og eldri - eign fyrir vandláta.



Séringangur af svölum. Lyftuhús. Þrennar svalir! Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, möguleiki á að útbúa þriðja herbergið í stofu. Mjög stórar stofur. Glæsilegt baðherbergi og þvottaherbergi. Vandaðar innréttingar í íbúð og einstaklega snyrtileg sameign í fallegu fjölbýlishúsi. Ræktaður garður. Tilboð óskast.



SKELLTU ÞÉR Í OG TAKTU ÞÁTT Í OP

Hlauparöð FH og Bose kjörið götu- hlaup ársins 2018

Hlauparar kusu besta hlaupið á hlaup.is



Hlaupasería FH og Bose var kosið götuhlaup ársins árið 2018 af kjósendum hlaup.is.

„Við erum mjög stolt af þessari miklu viðurkenningu og höfum mikinn metnað í að gera umgjörðina sem flottasta í samstarfi við BOSE,“ segir Hörður J. Halldórsson, Hlaupahóps FH. Hlaupahópurinn er einn stærsti hlaupahópur landsins og er hluti af fjálsíþróttadeild FH.


Hlaupið er 5 km hlaup og hlaupaleiðin sú sama og verður í Opna Bose hlaupinu. Hlaupið er á fimmtudegi í lok janúar, febrúar og mars og því geta hlauparar átt von á alls kyns veðri. En skemmtileg hlaupaleið og glæsileg umgjörð með hressilegri tónlist á marksvæðinu og á leiðinni, dregur greinilega að og meðþáttaka hefur verið í hlaupinu.



416 HLAUPARAR AÐ MEÐALTALI

Eftir að Bose/Origo kom að hlaupinu sem styrktaraðilar hefur þátttaka í hlaupunum aukist um 90% á tveimur árum. Bose leggur mikla áherslu á kynningu á hlaupinu, býður upp á dýnandi tónlist og verðlaun auk þess að birta lifandi myndir frá hlaupinu, tekur viðtöl og er það um leið glæsileg kynning á flottri hlaupaleið um miðbæ Hafnarfjarðar.

Meðþátttaka var í fyrsta hlaupi ársins þegar 495 hlauparar skiluðu sér í mark en að meðaltali hlaupu 416 hlauparar í hverju hlaupi nú í ár.



Opna Bose hlaupið fer fram í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. maí kl. 19.

Þetta er 5 km almenningshlaup þar sem gleðin ræður ríkjum enda geta allir verið með. Áhersla er lögð á almenna þátttöku bæjarbúa, frítt er í hlaupið og opið öllum sem vettlingi geta valdið, ekki þarf að skrá sig og enginn er að taka tímann! Hins vegar er stór klukka í markinu svo hlauparinn geti séð tíma sinn eða bara lokað augunum og hlaupið blindandi í mark.

Þeir sem mæta eiga kost á því að eignast Macron hlaupatrejju, á meðan birgðir endast.



HLAUPASKÓNA NA BOSE HLAUPINU



vellíðan fyrir alla

HEILSUBÆRINN HAFNARFJÖRÐUR

Hlaupið er haldið af Hlaupahóp FH og Bose í samvinnu við Heilsubæinn Hafnarfjörð og er hlaupið liður í Hreyfiviku UMFÍ sem haldin er dagana 27. maí – 2. júní. Hreyfivikan er evrópsk lýðheilsuherferð sem miðar að því að kynna kosti þátttöku í hreyfingu og íþróttum.

HLAUPALEIÐIN

Hlaupið er frá upphafspunkti, á göngustígnum gegnt íþróttahúsinu við Strandgötu, eftir göngustígnum meðfram strandlengju Hafnarfjarðar til norðurs að snúningspunkti nálægt mótum Herjólfsgötu og Heiðvangs og til baka sömu leið. Leiðin er flöt að mestu en smá hækkun upp að Hrafnistu..

Hluti af hlaupaleiðinni er á götu og eru þátttakendur beðnir um að taka tillit til þess og sýna varúð.



TAKTU ÞÁTT
Í STUÐINU Í **OPNA**
BOSE HLAUPINU

HEILSUBÆRINN HAFNARFJÖRÐUR
Hafnarfjörður
www.heilsu.is

**Bose og
Hafnarfjarðarbær
hvetja alla, unga sem
aldna, byrjendur
og lengra komna í
hlaupum, að taka
þátt í hlaupinu.**

Hlaupið ræst kl. 19

Engin skráning



Knattspyrnuhúsið Skessan rís

Stefnt að því að taka húsið í notkun í lok ágúst

Skessan, nýtt knattspyrnuhús FH, er farin að láta kræla á sér. Eftir umdeilda afgreiðslu bæjaryfirvalda þar sem enginn vildi kannast við að heimila greiðslur, virðist friður vera yfir sjálfri byggingu knattshússins sem er nú að rísa.

Fyrstu stálgrindarsperrurnar eru komnar á sinn stað svo nú sést hversu hátt og breitt húsið verður. Enn er verið að steypa sökklá og unnið er hörðum höndum svo húsið megi komast í notkun í lok ágúst skv. áætlun að sögn Viðars Halldórssonar formanns FH.

ENN ER VERIÐ AÐ STEYPA UNDIRSTÖÐUR

Segir hann að uppsteypu eigi að ljúka um miðjan júní en hún teyfi ekki vinnu

Ljóm.: Guðni Gleason



Ljóm.: Guðni Gleason



Ljóm.: Guðni Gleason

Veggir eru steyptir í 2,5 m hæð en þá tekur dúkurinn við.



Ljóm.: Guðni Gleason

Fremst má sjá undirstöður undir anddyri hússins og fjarst má sjá húsneði Góu.



Ljóm.: Guðni Gleason

Horft yfir grunnflöt Skessunar, frjálssíþróttavöllurinn til vinstri.

við stálvirkið. Reiknar hann með að dúkurinn verði lagður á um miðjan júlí.

Skessan er gríðar stór bygging, 22,8 m há og 115 m löng og alls um 8.400 m² að flatarmáli. Af því er um 95 m² anddyri með 4 salernum og þjónusturýmum. Húsið steypst upp í 2,5 m hæð og þá tekur við stálgrindin sem klædd er með PVC húðudum og acryl-lökkudum pólýesterdúk. Anddyrið er timburhús, klætt með svörtum plötum.

Skv. byggingalýsingu er húsið ætlað fyrir allt að 840 manns við íþróttaiðkun. Áhorfendabekkir verða á langhliðum en þó ekki mjög stórir enda ekki nema um 2,7 m frá velli að útkanti byggingarinnar. Ákvæði eru um að ekki verður leyfilegt að vera með aðra starfsemi í húsinu eins og skemmtanir og sýningar. Húsið verður ókynt en vélræn loftræsting verður í húsinu.

Gleðilegt lestrarsumar!

Sumarlestur Bókasafns Hafnarfjarðar

Nú fer að líða að sumarfríum í skólum og þá á lesturinn oft til að gleymast enda margt skemmtilegt um að vera. Rannsóknir sýna að lestrarfærni barna getur tapast yfir sumarmánuðina og því er mikilvægt að viðhalda henni í sumarfríinu. Bókasafn Hafnarfjarðar vill hjálpa foreldrum við það með því að bjóða upp á sumarlestur líkt og undanfarin ár og hefst hann þann 3. júní og stendur til 16. ágúst.

Sumarlesturinn er fyrir öll börn og eru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til þess að taka þátt með börnum sem ekki eru orðin læs með því að lesa fyrir þau.

Einnig eru foreldrar auðvitað hvattir til þess að lesa sjálfir sér til skemmtunar og koma með börnum sínum á bókasafnið í leit að góðum bókum.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í sumarlesturinum geta komið á bókasafnið og skráð sig til leiks. Þar fá allir lestrar dagbók sem þeir skila svo til bókasafnsins að sumarlesturinum loknum. Allir sem skila inn lestrar dagbók fá glaðning.

Einnig er í boði að fylla út bókaumsögn fyrir hverja lesna bók og skila í póstkassa á barna- og unglíngadeild.



Á hverjum föstudegi er svo lestrarhestur vikunnar dreginn út og hlýtur hann verðlaun.

Þann 7. september verður svo haldin uppskeruhátíð þar sem góðum lestrarárangri sumarsins verður fagnað með grilluðum pylsum, leikjum og skemmtun. Dregið verður úr öllum lestrar dagbókum sem hafa borist og verðlaun veitt.

Myndina málaði Ingibjörg Ósk Sigurjónsdóttir.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnafirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
 gudni@fjardarfrettir.is

FJARÐARFRÉTTIR

Eina vikulega bæjarblaðið!

ÞÉTTINGASVÆÐI INNAN HAFNARFJARÐAR ÍBÚAFUNDUR

Boðað er til almenns kynningarfundar vegna þéttingasvæða innan Hafnarfjarðar. Fundurinn verður haldinn í Hafnarborg þann 23. maí nk. kl. 17-19.

Á fundinum verður farið yfir lýsingu á þéttingasvæðum og tillögu að aðalskipulagsbreytingu er nær til Hjallabrautar.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
 Skipulagsfulltrúi



HAFNARFJÖRÐUR



585 5500 hafnarfjordur.is

Glæsileg og fullkomin flöskumóttaka

Rósa bæjarstjóri mætti með flöskur á opnunardaginn

Endurvinnslan hf. opnaði nýja og glæsilega flöskumóttöku 9. maí sl. að Skútahrauni 11, á 30 ára afmæli fyrir-tækisins.

FULLKOMNAR TALNINGARVÉLAR

Í stöðinni eru 3 fullkomnar talningarvélar sem telja og flokka heilar umbúðir og geta afkastað um 20 milljónum eininga á ári. Einnig er hægt að koma

með beyglaðar umbúðir ef þær eru flokkaðar og taldar.

Allt efni er unnið á staðnum til að lágmarka flutninga. Stöðin stórbætur þjónustu fyrir íbúa í Hafnafirði og Garðabæ en stöðin er opin kl. 10-18 virka daga og kl. 12-16.30 á laugardögum.

Eigendur Endurvinnslunnar eru eftirfarandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalag íslenskra skáta, Coca



Stöðin er í sömu götu og slökkvistöðin.



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri mætt í opnunina.

Cola European Partners Ísland ehf., Elkem Ísland ehf., Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Kaupmannasamtök-Íslands, Rio Tinto á Íslandi hf., Samband íslenskra sveitarfélaga og Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.

Um leið og Endurvinnslan hf. býður alla velkomna, vill hún árétta umhverfislegt mikilvægi þess að endurvinnna drykkjarumbúðir.

Endurbætt fjölmiðlafrumvarp lagt fram

Frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla

Frumvarp til laga um breytingu á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 hefur nú verið lagt fram á Alþingi og mun Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra mæla fyrir því á yfirstandandi þingi. Frumvarpið er liður í heildstæðum aðgerðum stjórnvalda til stuðnings íslenski tungu. Markmið frumvarpsins er að efla lýðræðisshlutverk fjölmiðla með því að styðja við og efla útgáfu á fréttum, fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Til að ná því markmiði er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita einkareknum fjölmiðlum fjárhagslegan stuðning sem felst í því að endurgreiða þeim hluta þess kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla slíku efni. Með frumvarpinu er leitast við að Ísland skipi sér í hóp hinna Norðurlandanna og fleiri ríkja í Evrópu sem styrkja einkarekna fjölmiðla.

TVÍÞÆTTUR STUÐNINGUR

Frumvarpið gerir ráð fyrir tvíþættum stuðningi stjórnvalda við einkarekna fjölmiðla sem ætlað er að stuðla að sanngirni og tæknilegu hlutleysi við dreifingu endurgreiðslunnar. Endurgreiðsluhæfur kostnaður verður samkvæmt frumvarpinu bundinn við beinan launakostnað blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf. Hlutfall endurgreiðslu verði að

hámarki 25% af fyrrgreindum launakostnaði, þó ekki hærra en 50 milljónir kr. til hvers umsækjanda vegna síðastliðins árs.

VEITA MÁ STAÐBUNDNUM MIÐLUM VIÐBÓTAR ENDURGREIÐSLU

Þá er reglugerðarheimild í frumvarpinu þess efnis að veita megi staðbundnum fjölmiðlum viðbótar endurgreiðslu. Að auki heimilar frumvarpið sérstakan stuðning, sem nemur allt að 5,15% af þeim launum starfsfólks ritstjóra sem falla undir lægra skattþrep tekjuskattstofna. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna frumvarpsins verði allt að 520 milljónir kr. frá og með 1. janúar 2020.

VERÐUR DREGIÐ ÚR UMSVIFUM RÚV Á AUGLÝSINGAMARKAÐI?

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu renni út í árslok 2019. Stefnit er að því að fyrir þann tíma verði athugað hvort breyta skuli tekjuuppbyggingu Ríkisútvarpsins, þar á meðal hvort draga skuli úr umsvifum þess á auglýsingamarkaði eða að fjármögnun starfseminnar verði einungis byggð á opinberum fjármunum.

Krakkasprettþraut

Kept í þríþraut og krakkasprettþraut á sunnudag

Einn af vorboðunum í Hafnarfirði er árleg þríþrautarkeppni 3SH. Á sunnudaginn verður keppt í sprettþraut í og við Ásvallalaug og nágrenni. Keppendur synda fyrst 750 m, hjóla 20 km og hlaupa að lokum 5 km.

Kept verður í almennum flokki og byrjendaflokki þar sem er skipt eftir aldursflokkum og kyni.

Einnig verður liðakeppni þar sem 2-3 geta verið saman í liði og skipt greinum á milli sín. Vegleg verðlaun eru fyrir efstu sæti í öllum flokkum og útdráttarverðlaun eru glæsileg að vanda.

Aðalfjöröð verður þó klukkan 12 þennan dag þegar Krakkapþríþrautin hefst. Þar eru vegalengdir miðaðar við hvern aldurshóp og reiknað er með miklum fjölda þátttakenda þar sem



Ljóm.: Guðni Gleason

þessi þraut þótti takast einstaklega vel í fyrra.

Skráningu lýkur á föstudag kl. 12.

Þetta er hröð og spennandi keppni þar sem mikið gengur á og er kappið ekki minna hjá yngstu þátttakendum.



Ljóm.: Guðni Gleason



Ljóm.: Guðni Gleason

Allir geta tekið þátt í Krakkapþríþrautinni.

Ekkert sést í skilti vegna trjágróðurs

Eru bæjaryfirvöld máttlaus gagnvart þeim sem ekki klippra gróður sinn samkvæmt reglum?



Hlíðarberg

Of víða í bænum skagar gróður langt út á götur og gangstétir og sums staðar hefur verið svo í áraraddir án þess að neitt sé að gert. Jafnvel umferðarskilti eru horfin inn í gróðurinn. Þetta má m.a. sjá rétt ofan Setbergsskóla, á

Hlíðarberginu þar sem gatan hafði verið færð frá lóðarmörgum fyrir mörgum árum svo beygjan yrði ekki eins blind og hún var. Nú nær trjágróðurinn um tvo metra út fyrir lóðarmök og út yfir Hlíðarbergið og



Hlíðarberg

Ljóm.: Guðni Gleason

umferðarmerki sem þar er sést ekki lengur. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem

vakinn er athygli á trjágróðrinum á þessum stað.



Kötukaffi í Ástjarnarkirkju

Þann 17. apríl sl. varð Kötukaffið, kærleikssamfélag Ástjarnarkirkju að veruleika. Þær stöllur, Marnhild Hilma Kambssenni og Áslaug Fjöla Magnúsdóttir höfðu síðan Ástjarnarkirkju fékk nýtt húsnæði langað að gera eitthvað öðruvísi. „Við byrjum smátt, höfum opið einu sinni í viku á miðvikudögum og er okkar draumur að Kötukaffi verði hverfiskaffihús íbúa í Vallahverfinu, Skarðshlíðinni og í Áslandinu, allra

Hafnirföndinga og nærsveitunga í náinni framtíð, þar sem Kötukaffi er öllum opið,“ segja þær Marnhild Hilma og Áslaug Fjöla.

Með framtakinu eru þær líka að heiðra kærnu vinkonu og kórfélaga í Kór Ástjarnarkirkju og stofnfélaga, Katrínu Ríkhardsdóttur, sóknamefndarkonu í Ástjarnarkirkju til margra ára. Katrín lést 12. janúar 2015, tæplega sextug.



„Það er tilvalið að kíkja við hjá okkur eftir skóla, vinnu eða eftir innkaupferð í Bónus og fá sér kaffibolla, kakó og heimagera bakkelsi á vægu verði til styrktar góðu málefni að hætti okkar og Kötú sem var mikil matkona og elskaði að gera fallegar tertur og ýmislegt góðgæti og komum við til með að nota frá henni uppskriftir í bland við okkar,“ segja þær stöllur og taka fram að öllu verði á kaffi og meðlæti er stillt í hóf.

Allur ágóði sölunnar í Kötukaffi rennur í tónlistarsjóð kirkjunnar og allir gefa vinnu sína við Kötukaffi. Finna má Kötukaffi á Facebook.



Glæsilegir sjálfboðaliðar – dótturdætur Kötú.



Kata heitin, Áslaug Fjöla og Marnhild.

Dularfullir plastvöndlar í hlíðum Helgafells

Af hverju finnst plast á bröttum slóðum fjallsins?

Á tveimur ferðum á Helgafell, annars vegar upp slóða að sunnanverðu og hins vegar upp torfarinn slóða að austanverðu varð ritstjóri Fjarðarfrétta var við litlar plasthrúgur eða vöndla. Vakti þetta eftirtekt þar sem þetta eru ekki fjölfamir slóðar og þetta nokkuð áberandi. Ekki hefur verið leitað skýringa hjá fagaðilum en menn hafa

látið sér detta í hug að þetta sé plast sem fuglar hafa gleypst og losað svo við sig aftur. Þetta er ljóst plast, sumt ljósblátt og virðist ekki vera leyfár af pokum undan hundaskít.

Fróðlegt væri ef einhver gæti gefið skýringar á þessum plastvöndlum og fólk hvatt til að senda blaðinu skýringar sínar.



Litlir plastvöndlar; hátt í hlíðum Helgafells.

SKIPULAGSBREYTINGAR

Samkvæmt 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010, er auglýst til kynningar lýsing Aðalskipulagsbreytinga er nær til hluta Hjallabrautar og jaðar Víðistaðatúns.

Breytingartillagan felur í sér: Jaðar svæðis við Víðistaðatún sem fellur undir hverfisvernd HVC1 og HVC5 verði íbúðabyggð.

Jafnframt er auglýst til kynningar lýsing vegna þéttingarsvæða innan Hafnarfjarðar sem bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 7.2. 2019.

Hægt er að skoða lýsingarnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is frá 17. -31. maí 2019. Jafnframt verður haldinn kynningarfundur í Hafnarborg þann 23.maí nk. kl.17-19 þar sem farið verður yfir lýsingarnar. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is

Viðurkenningar fyrir 25 ára samfelldt starf hjá Hafnarfjarðarbæ

Einu sinni á ári efnir bæjarstjóri til kaffisamsætis fyrir þá starfsmenn sem náð hafa 25 ára samfelldum starfsaldri. Við athöfnina þakkaði bæjarstjóri starfsfólkinu fyrir vel unnin störf fyrir hönd íbúa, samstarfsfólks og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Sl. miðvikudag voru veittar viðurkenningar til níu starfsmanna.

Þetta er fjórða árið í röð sem Hafnarfjarðarbær veitir starfsfólki viðurkenningu þegar það hefur náð 15 ára og 25 ára starfsaldri. Miðað er við samfelldan árafjölda sem starfsmaður hefur verið við störf hjá bænum. Á 15 ára starfsafmæli efnir deild eða stofnun til kaffisamsætis fyrir viðkomandi starfsmenn og sem þakklætisvott fær starfsmaður bók, handverk eða listmun að gjöf auk blóma. Einu sinni á ári, að vori til, efnir bæjarstjóri svo til sameiginlegs kaffisamsætis fyrir þá sem hafa náð 25 ára starfsaldri og afhendir viðurkenningar og 50.000 kr. gjafabréf.



Guðrún Þorsteinsdóttir mannaútsjóri t.v. og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri t.h. og þeir sem fengu viðurkenningu: Björn Pétursson, Bygðasafninu; Sigrún Kristinsdóttir; Leikskóla Hraunvallaskóla; Asta María Björnsdóttir; Leikskólanum Hvammi; Hálfán Karl Þórðarson, umhverfis- og skipulagsþjónustu; Hrönn Gísladóttir; Hvaleyrarskóla; Drífa Heiðarsdóttir; Öldutúnsskóla; Hrefna Guðmundsdóttir; Öldutúnsskóla og María Jocelyn Bolon, Leikskólanum Hlíðarenda. Á myndina vantar Guðmundu Huldu Eyjólfsdóttur, Leikskólanum Hlíðarenda.

Sjómanna dagurinn



Enn er hægt að skrá lið í róðrarkeppnina á sjómanna daginn. Í hverju liði eru 5 ræðarar og stýrimaður og hægt er að æfa sig á kappróðrabátunum fram að sjómanna deginum. Skráning og nánari upplýsingar hjá Karel s. 690 0345.

Auglýsingar


565 3066 - 896 4613 - gudni@fjardarfrettir.is

43 vilja verða sviðsstjórar

Hafnarfjarðarbær auglýsti nýlega stöðu sviðsstjóra á nýju sviði þjónustu og þróunar. Í stjórnsýsluúttekt sem Capacent gerði fyrir Hafnarfjarðar sagði m.a. að það skorti á heildarsýn og samhæfingu á þjónustuveitingu hjá sveitarfélaginu. Meðal lausna var að koma á nýju stoðsviði, „þjónustu- og þróunarsviði“ sem fengi það hlutverk að samhæfa þjónustu sveitarfélagsins og auka við þjónustu sem leysa má í þjónustuveri eða stafrænt. Sviðið á að

bera ábyrgð á því að endurskoða núverandi þjónustuferla og endurhanna út frá þörfum og sjónarhóli þeirra sem þjónustuna nota og gera þá stafræna til að auka yfirsýn yfir þjónustuþætti Hafnarfjarðarbæjar. Sviðið á að bera ábyrgð á þróun á rafrænni þjónustu en lítil áhersla var sögð hafa verið á slíka þróun. 43 einstaklingar sækja um stöðuna en 5 höfðu dregið umsókn sína til baka.

Nýr viðlegukantur



Búið er að reka niður um helming stálþilsins.

Um helmingur 110 m stálþils hefur nú verið rekinn niður á mótis við nýtt húsnæði Hafrannsóknarstofnunar. Samtals verður viðlegukanturinn um 140 m langur og á m.a. að þjóna tveimur skipum stofnunarinnar en stofnunin hefur forgang að rými við bryggjuna. Innst við Óseyrarbryggju verður um 30 m grjóthleðsla sem á að virka sem öldubryjótur en ofan á hleðslunni verður trébryggja sem sérstaklega

er ætlað að vera einskonar útivistarstaður fyrir bæjarbúa.

Að sögn Lúðvíks Geirssonar hafnarstjóra er stefnt að því að þilið og þekjan verði tilbúin fyrir veturinn en ljúka á framkvæmdum á næsta ári.

Reiknað er með að Hafrannsóknarstofnunin flytji í nýja húsið í október/nóvember og þá komi stofnunin með skipin til Hafnarfjarðar.



Stálþilið og stögin sem halda við þilið ofan sjávarmáls.

Leiðin frá Got Agulu á Rey Cup

Verið að safna 2,8 milljónum svo draumur 14 Kenýadrengrja rætist

Á síðustu 10 árum hafa hjónin og Hafnirföngarnir Paul Ramses Odour og Rosmary Atieno haldið úti verkefni sem miðar að því að byggja og koma á fót leik- og grunnskóla í þorpinu Got Agulu í Kenía en þar eiga þau bæði uppruna sinn. Með samhentum átaki og mikilli vinnu tókst þeim að safna fjáragni til að byggja og hefja starfsemi leikskóla í þorpinu árið 2012 og grunnskólinn tók til starfa í ágúst 2015.

Auk þessa uppbyggingarstarfs í skólalánum hafa samtök þeirra staðið fyrir verkefnum sem miða að því að skapa aukna meðvitund um HIV, draga úr snemmbærri þungun, auka umræðu um jafnan rétt karla og kvenna og kynbundið ofbeldi, sem og ýmis sérverkefni tengd umhverfismálum og bættri heilbrigðisþjónustu.

Í Got Agulu er engin skipulögð íþróttastarfsemi, en mikill áhugi á

fjölda aðila og allir sem koma að skipulagningu og framkvæmd Rey Cup hafa sýnt því bæði áhuga og gert allt til að láta verkefnið ganga upp, m.a. með niðurfellingu þáttökugjalda o.fl.

Hafnarfjarðarbær hefur líka stutt vel við verkefnið og boðið hópnum gistingu í skóla og aðra aðstoð og búið er að skipuleggja dagskrá fyrir hópinn frá upphafi ferðar til heimferðardags. Íþróttafélögin í Hafnarfirði hafa líka stutt við verkefnið.

Nú er svo komið að skipuleggjendur standa frammi fyrir þeirri ákvörðun að fresta þáttökunni um eitt ár í von um að geta nýtt sumarið og næsta vetur til að afla nægjanlegs stuðnings fyrir ferðakostnaði. Áður en sú ákvörðun verður tekin hafa vinir Pauls og Rosmary, ákveðið að hjálpa þeim að klára verkefnið og kanna hvort einhverjir væru til í að hjálpa okkur að safna því sem uppá vantar.

Í Got Agulu eru 14 drengir sem eru búnir að æfa stíft og eftirvæntingin í þeirra hópi og stemmingin í þorpinu fyrir ferðalagi þeirra er mikil. Enginn þeirra hefur ferðast út fyrir sýslumörkin áður og því er ferð út fyrir landsteinana og alla leið á íþróttamót með jafnöldrum þeirra á Íslandi draumur. Safna þarf um 2,5 milljónum króna og setjum við okkur það markmið. Takist ekki að afla vilyrða fyrir stuðningi sem dugar til að greiða fyrir farmiða allra drengjanna og þjálfara verða styrkir að sjálfsögðu ekki innheimtir.

VEL GENGUR AÐ SAFNA - ÞÚ GETUR LAGT LIÐ

Síðustu daga frá því að verkefnið hófst hafa á þriðja hundrað einstaklingar lagt því lið og samtals eru áheit og framlög nú komin í 1,9 milljón króna. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 2,8 milljónum en endanlegur kostnaður gæti orðið eitthvað minni ef tekst að fá fargjöldin lækkuð.

Finna má nánari upplýsingar á Facebook síðu hópsins sem hefur sama nafn og fyrisögnin.

knattspyrnu. Undanfarið hefur því verið unnið að því að koma á fót íþróttafélagi í þorpinu.

VELVILJI ÍSLENDING SKIPTIR MÁLI

Vilji er til þess innan Samtaka íslenskra ólympíufara að styðja við framgang þess verkefnis og leita samstarfs við íslensk íþróttafélög. Nú þegar hafa nokkur íslensk íþróttafélög veitt þeim mikilvægan stuðning og hvatningu og sent þeim nauðsynlegan búnað, s.s. takkaskó, bolta og búninga. Fyrir um tveimur árum kom upp sú hugmynd að sækja um þáttökurétt fyrir eitt af liðunum þeirra á ReyCup sem er alþjóðlegt knattspyrnumót sem haldið er árlega á Íslandi. Undirbúningur hefur staðið yfir í bráðum heilt ár og verkefnið notið mikils stuðnings og velvilja frá



Samtals eru 270 nemendur í skólalánum, sem ber nafnið Verslo, þar sem nemendur og kennarar Verslunarskólans hafa stutt veglega við verkefnið. Í ár er ætlunin að hefja byggingu framhaldsskóla sem mun gefa krökkunum í Got Agulu tækifæri til áframhaldandi menntunar og þroska. Verkefnið hafa notið stuðnings fjölda einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka á Íslandi og hafa Íslendingar meðal annars starfað með þeim að uppbyggingu skólustarfsins.

Frítt söluverðmat sanngjörn sölubóknun fagljósmyndari

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson

löggitur fasteignasali
as@domus.is

Sími: 896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn), Hafnarfirði

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

22. maí kl. 19.30, Selfoss
Selfoss - Haukar, bikarkeppni karla

24. maí kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Selfoss, bikarkeppni karla

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Selfoss: 30-32
Selfoss - Haukar: 26-27
Haukar - Selfoss: 22-27

KNATTSPYRNA:

23. maí kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Þróttur R., I. deild karla

24. maí kl. 19.15, Kópavogsvöllur
Augnablik - Haukar, I. deild kvenna

24. maí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Fjölnir, I. deild kvenna

26. maí kl. 19.15, Árbaer
Fylkir - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Tindastöll - FH: 4-6
Haukar - Þróttur R.: 1-2
Þróttur R. Haukar: 3-1
FH - ÍA: 0-1

ÚRSLIT KARLA:

FH - Valur: 3-2
Fram - Haukar: 1-1
ÍA - FH: 2-0

Bikarkeppni

Kvinnaliðin fallin út

Bæði FH og Haukar eru fallin úr bikarkeppni kvenna í knattspyrnu, FH eftir 0-1 tap gegn ÍA og Haukar eftir 1-3 tap gegn Þrótti Reykjavík í 2. umferð keppninnar.

Karlalið Hauka féll út í 2. umferð eftir 0-1 tap gegn Keflavík.

FH keppir við ÍA kl. 16 á uppstigningardag í Kaplakrika í 16 liða úrslitum eftir að hafa slegið Val út, 2-1 í 32 liða úrslitum.

Garðaðþjónusta


Einyrki tekur að sér klippingar og tittek í stærri gördum. Hagstætt verð. Geri tilboð. Upplýsingar í s. 845 2100.

FH sigraði Val 3-2

Eftir ósigur gegn ÍA var sigur gegn Val kærkominn í Kaplakrika.

Það voru útlendingarnir í liði FH sem sáu um að skora. Fyrst skoraði Brandur Olsen úr vítaspyrnu á 34. mín., en Valsmenn jöfnuðu á 68. mín.

Steven Lennon kom FH aftur yfir á 76. mín með laglegu skoti en Valsmenn jöfnuðu aftur 3 mín. síðar. En það var svo Jákup Thomsen sem skoraði sigurmark FH á 86. mín. og kærkominn sigur í höfn.



Steve Lennon kampakátur eftir að hann kom FH í 2-1.

Útskrifaðir tónlistarkrakkar

Öflugt starf með yngstu krökkunum í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Lokatónleikar forskóladeildar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar voru á mánudaginn en þar komu fram yngstu nemendur skólans.

Sýndu þau foreldrum, systkinum, öfum og ömmum hvað þau höfðu lært í vetur og stóðu yngstu krakkarnir sig mjög vel, sungu, léku á blokkflautu, slógu á ásláttarhljóðfæri og slógu taktinn af miklu öryggi.

Kristjana Þórdís tónlistarskólakennari, stjórnaði þeim af röggsemi og líka áhorfendum sem breyttust í þátttakendur og

klöppuðu þeir í hnitmiðuðum takti með krökkunum.

Virtust áheyrendur hinir ánægðustu, bæði með glæsilegan flutning barnanna og eigin þátttöku.



Ljós.: Guðni Gíslason



Glæsilegur hópurinn undir stjórn Kristjönu Þórdísar Ásgeirsdóttur sem hefur kennt forskólabörnum við skólann í hátt í 40 ár.



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópa.

Gullnámán

Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is


Sumarnámskeið frjálssípróttadeildar 2019

Hin vinsælu frjálssíprótt- og leikjanámskeið á vegum frjálssípróttadeildar FH verða haldin í sumar fyrir sex til tíu ára börn (fædd 2009-2013).

Námskeiðin verða haldin á frjálssípróttavellinum og í frjálssípróttahöllinni í Kaplakrika.



Hreyfing
Útivera
Fjör
Hollusta



Námskeiðin verða sem hér segir:

| | | |
|--------------|---------------------|-----------|
| 1. námskeið | 11. júní - 14. júní | kl. 09-12 |
| 2. námskeið | 11. júní - 14. júní | kl. 13-16 |
| 3. námskeið | 18. júní - 21. júní | kl. 13-16 |
| 4. námskeið | 18. júní - 21. júní | kl. 09-12 |
| 5. námskeið | 24. júní - 28. júní | kl. 13-16 |
| 6. námskeið | 1. júlí - 5. júlí | kl. 13-16 |
| 7. námskeið | 29. júlí - 2. ágúst | kl. 09-12 |
| 8. námskeið | 29. júlí - 2. ágúst | kl. 13-16 |
| 9. námskeið | 6. ágúst - 9. ágúst | kl. 09-12 |
| 10. námskeið | 6. ágúst - 9. ágúst | kl. 13-16 |

Boðið er upp á barnagæslu milli klukkan 16 og 17 meðan á námskeiði stendur.

Skráning fer fram í Nora-kerfinu. Auðvelt er að skrá sig í kerfið, en það er gert með því að fara á Mínar síður hjá Hafnarfjarðarbæ

Á námskeiðunum kynnst börnin ýmsum greinum frjálssípróttar og fara í íþróttatengda leiki.

Lögð er áhersla á að börnin hafi með sér hollt nesti.

Námskeiðsgjald: 7.900 kr. vikan og 14.000 kr. fyrir tvær vikur.

Nánari upplýsingar eru veittar á www.fh.is/frjalsar/

og hjá umsjónarmanni námskeiðanna, Bjarna Páli Pálssyni íþróttfræðingi, netfang: Bjarnipall@live.com og sími 616 2022.